

# FFR

## FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

### Fréttir frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana 18. júlí 2011

#### Fjölmenur aðalfundur FFR þann 18. maí 2011

Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana var haldinn á Grand hótél miðvikudaginn 18. maí kl. 09.00 og var fundarstjóri Eyjólfur Sæmundsson forstjóri Vinnueftirlits ríkisins. Á fundinn mættu um 60 félagsmenn en gestur fundarins var Ragna Árnadóttir skrifstofustjóri hjá Landsvirkjunar og fyrrverandi dómsmálaráðherra. Ragna fjallaði m.a. um skoðanir sínar og viðhorf til skipunar í embætti innan stjórnsýslunnar, sérstaklega með tilliti til lagafrumvarps um breytingar á Stjórnarráðinu.

Í opunarávarpi fjallaði Magnús Guðmundsson formaður FFR um stjórnsýsluna á Íslandi og mikilvægi þess að bæta vinnubrögð og auka fagmennsku. Magnús flutti einnig skýrslu um starfsemi FFR á liðinu starfsári og þakkaði stjórn, starfskjaranefnd og þeim sem hafa lagt starfi félagsins lið fyrir mjög gott samstarf.



Ragna Árnadóttir flytur ávarp á aðalfundi FFR þann 18. maí 2011

Gissur Pétursson gerði grein fyrir reikningum félagsins. Rekstrarniðurstaða ársins var kr. 449.651 í hagnað. Eigið fé félagsins er kr. 2.745.979. Reikningar voru samþykktir.

Sigríður Snæbjörnsdóttir, f.h. uppstillingarnefndar sem í sátu hún og Gísli Tryggvason, gerði grein fyrir eftirfarandi tillögum nefndarinnar að skipan stjórnar og starfskjaranefndar :



Nýkjörin stjórn og starfskjaranefnd FFR 2011-2012. F.v. Anna Birna Þráinsdóttir, Steingrímur Ari Arason, Indriði H. Þorláksson, Sigríður Lillý Baldursdóttir, Ingibjörg S. Sverrisdóttir, Magnús Guðmundsson, Már Vilhjálmsson, Gissur Pétursson, Magnús Skúlason og Kristín Völundardóttir. Á myndina vantar Svein Margeirsson

#### Aðalstjórn:

Magnús Guðmundsson (formaður), forstjóri Landmælinga Íslands  
Anna Birna Þráinsdóttir, Sýslumaður í Vík  
Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar  
Ingibjörg S. Sverrisdóttir, Landsbókavörður  
Magnús Skúlason, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

#### Varastjórn:

Már Vilhjálmsson, skólameistari Menntaskólans við Sund  
Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar  
Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís

Önnur framboð komu ekki fram og var formaður kosinn sérstaklega og síðan stjórn og varastjórn með lófataki.

Starfskjaranefnd:

Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands  
Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar  
Indriði H. Þorláksson

Önnur framboð varðandi skipan starfskjaranefndar komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

Endurskoðendur reikninga þeir Guðgeir Eyjólfsson og Gestur Steinþórsson voru endurkjörnir.

Gissur Pétursson gjaldkeri lagði til að árgjald félagsmanna yrði hækkað um 1000 kr. og yrði kr. 7000. Þá lagði hann til að eldri félagsmenn greiddu kr. 1500 í félagsgjald. Hækkun félagsgjalda var samþykkt sem og gjald eldri félagsmanna

Steingrímur Ari Arason gerði grein fyrir störfum starfskjaranefndar FFR. Taldi hann það hafa verið varnarsigur að laun forstöðumanna voru ekki fryst lengur en til 30. nóv. 2010 og ekki varð af frystingu launa opinberra starfsmanna almennt. Hann gerði grein fyrir þeim fundum og samskiptum sem nefndin átti gagnvart fjármálaráðherra og kjararáði. Starfskjaranefnd skilaði að beiðni kjararáðs greinargerð og tillögum dags. 14. desember 2010 vegna afléttingar en engin viðbrögð hafa borist frá Kjararáði vegna þessa. Einstakir félagsmenn hafa einnig ritað kjararáði bréf vegna sama máls en engin viðbrögð hafa heldru borist vegna þessa. Steingrímur Ari kvaðst persónulega einnig hafa brugðið á önnur ráð og sent kvörtun til umboðsmanns Alþingis vegna sinnu- og svaraleysis kjararáðs.

Í loka aðalfundar FFR var eftirfarandi ályktun um starfskjaramál samþykkt einróma en hún var send til fjölmiðla og kjararáðs:

**„Ályktun aðalfundar Félags forstöðumanna ríkisstofnana, 18. maí 2011, um rýrnun starfskjara og meint lögbrot kjararáðs**

*Á grundvelli laga nr. 148/2008 voru laun forstöðumanna ríkisstofnana lækkuð um 5-15% hinn 1. mars 2009 og hafa síðan haldist óbreytt. Lögin voru samþykkt á Alþingi í desember 2008 og áttu upphaflega að gilda til ársloka 2009, en voru ári síðar framlengd til 30. nóvember 2010 með lögum nr. 127/2009. Að meðaltali lækkuðu laun forstöðumanna ríkisstofnana um 9,2% í mars 2009. Síðan þá hefur verðlag hækkað um 11,8% og kaupmáttur launanna samanlagt rýrnað um 18,8%. Eftir að launin voru síðast hækkuð fyrir þremur árum í maí 2008 hefur verðlag á hinn bóginn hækkað um 22,9% og kaupmáttur launa forstöðumanna ríkisstofnana samanlagt lækkað um 26,1%.*

*Frá mars 2009 og fram að gerð nýrra kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nú í maí 2011 hækkuðu laun í landinu að meðaltali um 8,4% samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar. Með öðrum orðum, á sama tíma og kaupmáttarskerðing forstöðumanna ríkisstofnana var 18,8% rýrnaði kaupmáttur launa almennt um 3,0%.*

*Lögskipað kjararáð ákveður laun og starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana og ætti lögum samkvæmt að vera búið að afturkalla launalækkunina frá 1. mars 2009 fyrir löngu. Daginn sem inngripi löggjafans lauk 30. nóvember 2010 fundaði starfskjaranefnd FFR og formaður FFR með kjararáði. Farið var yfir stöðu mála og báðir aðilar lýstu yfir vilja til samstarfs. Síðan þá hefur ekkert gerst í málefnum forstöðumanna ríkisstofnana og kjararáð ítrekað virt erindi FFR og einstakra félagsmanna að vettugi.*

*FFR krefst þess að kjararáð afturkalli án frekari tafa launalækkunina frá 1. mars 2009 og að afturköllunin gildi frá 1. desember 2010. Sinnuleysi kjararáðs er ómálefnalegt og andstætt lögum nr. 47/2006 um ráðið. Jafnframt er þess krafist að laun og starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana verði þegar í stað endurskoðuð í samræmi við ákvæði 8. og 10. gr. laga um ráðið.*

*Verði kjararáð ekki við framangreindum kröfum er eðlilegt að þeim sé fylgt eftir með málsókn á hendur ráðinu. Meint lögbrot kjararáðs snýst ekki aðeins um laun og starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana heldur grefur það undan trausti og virðingu fyrir íslenskri stjórnslu. Við það verður ekki unað.“*

Frekari upplýsingar um aðalfund FFR þann 18. maí 2011 má lesa á heimasíðu félagsins [www.ffr.is](http://www.ffr.is)

## Kjaramál forstöðumanna - staðan

Frá því að aðalfundur FFR var haldinn þann 18. maí sl. hefur stjórn og starfskjaranefnd FFR fundað um stöðuna í kjaramálum og fylgt málum eftir. Kjararáð hefur enn ekki tekið efnislega afstöðu til erindis FFR frá 14. desember 2010 varðandi launafyrstingu sem aflétt var 1. desember 2010 og með úrskurði ráðsins hinn 28. júní 2011 er orðið ljóst að ráðið hyggst nú fresta ákvörðun í málinu um óákveðinn tíma. FFR hefur vegna þessa með bréfi dagsettu 14. júlí 2011 farið fram á það við umboðsmann Alþingis að hann taki mál þetta til efnislegrar skoðunar. Bréfið til umboðsmanna Alþingis ásamt minnisblaði starfskjaranefndar FFR dags. 12. júlí 2011 er meðfylgjandi sem viðauki með þessu fréttabréfi félagsmönnum FFR til upplýsingar. Í lokaorðum minnisblaðsins segir eftirfarandi:

*„Það að kjararáð fresti með úrskurðinum 28. júní sl. að afturkalla launalækkun forstöðumanna ríkisstofnana frá 1. mars 2009 með gildistöku 1. desember 2010 er að mati FFR brot á lögum um ráðið. Það að kjararáð fresti jafnframt að ákvarða forstöðumönnum ríkisstofnana laun með hliðsjón af launaþróun síðustu missera og innra samræmis þeirra sem undir ráðið heyra er andstæð lögum um ráðið. Allir tiltækir mælikvarðar benda til þess að sú ákvörðun ætti að leiða til hækkunar á launum þeirra umfram afturköllun launalækkunarinnar frá 1. mars 2009 og umfram þá hækkun sem ákveðin var með úrskurði ráðsins 28. júní sl. Úrskurður ráðsins 28. júní sl. er jafnframt á skjön við ákvæði stjórnslulaga um andmælarétt, málshraða og meðalhóf.“*

## Starfið í vetur

Starf FFR á komandi vetri mun eins og áður mótast talsvert af samstarfi við fjármálaráðuneytið, forsætisráðuneytið, Ríkisendurskoðun og Stofnun stjórnslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands og er dagskrá vegna funda og námskeiða í mótun um þessar mundir. Einnig er ljóst að kjara- og réttindamál munu verða áberandi í starfinu eins og fram kemur í þessu fréttabréfi. Frekari upplýsingar verða senda út þegar nær dregur en einnig eru ábendingar og hugmyndir frá félagsmönnum vel þegnar.

*bestu kveðjur*

*Magnús Guðmundsson,  
formaður FFR ([magnus@lmi.is](mailto:magnus@lmi.is))*

## Viðauki 2

### Bréf til umboðsmanna Alþingis og greinargerð starfskjaranefndar FFR um úrskurð kjararáðs frá 28. júní 2011 og minnisblað starfskjaranefndar FFR

Tryggvi Gunnarsson  
umboðsmaður Alþingis  
Álftamýri 7  
150 Reykjavík

Akranes, 14. júlí 2011

#### Efni: Úrskurður kjararáðs hinn 28. júní 2011 um laun þeirra sem undir ráðið heyra.

Á fundi sem stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) átti með umboðsmanni Alþingis föstudaginn 11. febrúar 2011 lýstu stjórnarmenn m.a. áhyggjum af skorti á viðbrögðum kjararáðs við þeim erindum sem FFR hafði sent ráðinu vegna félagsmanna sinna eftir að ákvæði til bráðabirgða í lögum um kjararáð féll úr gildi 1. desember 2010. Kjararáð hefur enn ekki tekið efnislega afstöðu til erinda FFR og með úrskurði ráðsins hinn 28. júní sl. er orðið ljóst að það hyggst nú fresta ákvörðun í málinu um óákveðinn tíma. FFR fer því fram á að umboðsmaður Alþingis taki mál þetta til efnislegrar skoðunar.

Í úrskurðinum er greint frá því að kjararáði barst minnisblað Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR), dags. 14. desember 2010, í kjölfar fundar fulltrúa félagsins með ráðinu hinn 30. nóvember 2010. Í minnisblaðinu gerir félagið kröfu um: (1) að launalækkunin sem tók gildi 1. mars 2009 verði afturkölluð, (2) að laun forstöðumanna verði leiðrétt í samræmi við launaþróun, (3) að kjararáð samræmi laun félagsmanna FFR launum þeirra sem færðust undir úrskurðarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009.

FFR hefur ítrekað kröfur sínar með bréfi til kjararáðs, dags. 14. febrúar 2011 og sérstakri ályktun á aðalfundi félagsins hinn 18. maí 2011. Að öðru leyti er vísað til minnisblaðs starfskjaranefndar félagsins, dags. 12. júlí 2011.

Virðingarfyllt,  
f.h. Félags forstöðumanna ríkisstofnana

---

Magnús Guðmundsson,  
formaður

#### Fylgiskjöl:

1. Minnisblað FFR til kjararáðs, dags. 14. desember 2010
2. Bréf FFR til kjararáðs, dags. 14. febrúar 2011
3. Staðfesting kjararáðs dags. 4. mars 2011 á móttöku erindis FFR frá 14. febrúar 2011
4. Ályktun aðalfundar FFR, dags. 18. maí 2011
5. Úrskurður kjararáðs frá 28. júní 2011
6. Minnisblað starfskjaranefndar FFR, dags. 12. júlí 2011

## Starfskjaranefnd FFR

12. júlí 2011

## Minnisblað

**Efni: Úrskurður kjararáðs hinn 28. júní 2011 um laun þeirra sem undir ráðið heyra.**

Eftirfarandi minnisblað er samið af starfskjaranefnd Félags forstöðumanna ríkisstofnana vegna úrskurðar kjararáðs dags. 28. júní 2011 m.a. um laun forstöðumanna ríkisstofnana.

Í úrskurðinum frá 28. júní 2011 er greint frá því að kjararáði barst minnisblað Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR), dags. 14. desember 2010, í kjölfar fundar fulltrúa félagsins með ráðinu hinn 30. nóvember 2010. Í minnisblaðinu gerir félagið kröfu um: (1) að launalækkunin sem tók gildi 1. mars 2009 verði afturkölluð, (2) að laun forstöðumanna verði leiðrétt í samræmi við launaþróun, (3) að kjararáð samræmi laun félagsmanna FFR launum þeirra sem færðust undir úrskurðarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009. Félagið ítrekaði kröfur sínar með bréfi, dags. 14. febrúar 2011.

Kjararáð hefur enn ekki svarað kröfum FFR efnislega. Niðurstaða ráðsins í þeim úrskurði sem hér er til umfjöllunar er að fresta afturköllun lækkunarinnar og að boða sérstaka ákvörðun „um breytingar á launum með hliðsjón af almennri launaþróun og innra samræmi sbr. 8. og 10. gr. laga um kjararáð“ (sbr. 2. mgr. IV.-kafla úrskurðarins).

### Launalækkun án lagastoðar eftir 1. desember 2010

Með úrskurði kjararáðs hinn 28. júní sl. eru laun þeirra sem ákvörðunarvald kjararáðs nær til hækkuð í samræmi við nýgerða kjarasamninga á vinnumarkaði og er hækkunin, svo langt sem hún nær, í samræmi við lög og reglur. Á hinn bóginn hefur kjararáð að mati FFR brotið lög nr. 47/2006 með því að kveða upp úrskurð án þess að afturkalla launalækkunina sem ráðið ákvað 1. mars 2009 á grundvelli laga nr. 148/2008.

Í IV.-kafla úrskurðarins boðar meirihluti kjararáðs að tekin verði afstaða til þess hvort umrædd launalækkun skuli ganga til baka. Það sætir furðu að í ákvörðunarorðum úrskurðarins er síðan ekkert vikið að lækkuninni. Í staðinn gerir meirihlutinn grein fyrir niðurstöðu sinni í VI.-kafla með þeim orðum „að lækkun launa þeirra sem undir ákvörðunarvald þess heyra og kom til framkvæmda á árinu 2009 skuli að svo stöddu ekki ganga til baka.“

Lögum samkvæmt bar ráðinu að afturkalla lækkunina hinn 1. desember 2010 þegar sérstakt bráðabirgðaákvæði um hana féll úr gildi. Eftir atvikum bar ráðinu þá jafnframt að taka nýja ákvörðun um kjör þeirra sem undir ráðið heyra með tilliti til kjara hjá viðmiðunarhópum, sbr. 8. og 10. gr. laga um ráðið. Lækkunin átti sér enga aðra lagastoð en bráðabirgðaákvæðið og óumdeilt er að lækkunin átti einungis að gilda í ákveðinn tíma.

### Launalækkunin átti einungis að gilda tímabundið

Áður en lög um lækkunina voru sett í desember 2008 hafði forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar farið þess á leit við kjararáð með bréfi, dags. 21. nóvember 2008, að það tæki ákvörðun um tímabundnar launalækkanir á bilinu 5-15% hjá þeim sem undir ráðið heyra og að sú breyting gildi út árið 2009.

Kjararáð svaraði forsætisráðherra með bréfi, dags. 1. desember 2008, og upplýsti að það teldi ekki lagaskilyrði fyrir hendi til að verða við erindinu. Í framhaldinu var lagt fram frumvarp á Alþingi um breytinguna og það samþykkt sem lög hinn 24. desember 2008. Skýrt kom fram í athugasemdum við frumvarpið að því var ætlað að ná fram sama markmiði og erindinu sem forsætisráðherra bar upp við kjararáð. Sérstök áhersla var lögð á að virða bæri sem mest sjálfstæði kjararáðs og raska ekki til frambúðar hlutverki þess.

Niðurstaða kjararáðs 1. desember 2008 var skýr og afdráttarlaus þess efnis að 5-15% launalækkun væri ekki möguleg án lagabreytingar. Hinn 1. desember 2010 féll lagabreyting um lækkunina úr gildi. Hún telst því lögleysa frá þeim tíma með sömu rökum og kjararáð beitti tveimur árum áður.

Mikilvægt er að árétta að samhliða afturköllun lækkunarinnar og afnámi bráðabirgðaákvæðisins er ráðinu að nýju heimilt að endurskoða laun í samræmi við 8. og 10. gr. laga um ráðið. Í framangreindu frumvarpi til laga um lækkunina er sérstaklega bent á að eftir gildistíma laganna „*geti ráðið að nýju fellt úrskurð um þann hóp sem frumvarpið nær til að teknu tilliti til kjara hjá viðmiðunarhópum eins og þau verða á þeim tíma*“.

### Úrskurður á skjön við stjórnslulög

Sú niðurstaða kjararáðs í úrskurðinum 28. júní sl. að launalækkunin frá 1. mars 2009 „*skuli að svo stöddu ekki ganga til baka*“ er ekki einungis andstæð lögum nr. 47/2006 um kjararáð heldur einnig stjórnslulögum nr. 37/1993. Frestun afturköllunarinnar er íþyngjandi ákvörðun og bar kjararáði með sömu rökum og þegar lækkunin var ákvörðuð í ársbyrjun 2009 að virða ákvæði stjórnslulaga um andmælarétt. Það hefur ráðið ekki gert, auk þess sem það hefur vikið reglum um málshraða og meðalhóf til hliðar. Það sama gildir nú og gildi þegar úrskurðurinn um lækkunina var kveðinn upp: „*Kjararáð er bundið af stjórnslulögum og ber því að veita aðilum máls andmælarétt*“, sbr. 1. málslíð 2. mgr. IV. kafla úrskurðarins frá 23. febrúar 2009.

### Úrskurður í ósamræmi við launaþróun viðmiðunarhópa

Hinn 18. febrúar 2011 birti kjararáð yfirlit yfir launaþróun embættismanna sem heyra undir ráðið og helstu viðmiðunarhópa þeirra. Yfirlitið spannar tímabilið frá febrúar 2006 til febrúar 2011. Til viðmiðunar er launaþróun „allra landsmanna, sbr. launavísitöluna“, „opinberra starfsmanna“, „almenna markaðarins“, „stjórnenda á almenna markaðnum“ og „sérfræðinga á almenna markaðnum“. Í stórum dráttum hækka laun embættismanna sem heyra undir ráðið í takt við laun viðmiðunarhópanna fram til ágúst 2008. Milli ágúst 2008 og febrúar 2009 sýnir yfirlitið lækkun launa stjórnenda og sérfræðinga á almenna markaðnum og að laun embættismannanna lækka í kjölfarið þ.e. milli febrúar og maí 2009. Laun annarra hópa standa í stað eða hækka á sama tíma. Eftir maí 2009 hafa allir viðmiðunarhóparnir hækkað á meðan laun embættismannanna standa í stað.

Tvennt sker í auga í yfirliti kjararáðs, annars vegar að lækkun launa embættismanna sem heyra undir ráðið er mun meiri en launalækkun stjórnenda og sérfræðinga almenna markaðarins og hins vegar að bæði stjórnendur og sérfræðingar almenna markaðarins hafa þegar á árinu 2010 unnið til baka lækkunina frá ágúst 2008 til febrúar 2009. Laun beggja hópanna hafa jafnframt haldið áfram að hækka á meðan laun embættismannanna standa í stað. Með öðrum orðum, m.t.t. launaþróunar viðmiðunarhópanna, samkvæmt opinberum gögnum kjararáðs, ætti ráðið fyrir löngu að hafa afturkallað launalækkunina frá 1. mars með gildistöku 1. desember 2010. Með tilliti til launaþróunar hjá viðmiðunarhópunum hefði ráðið einnig átt að vera búð að hækka laun þeirra sem undir ráðið heyra umfram hina afturkölluðu launalækkun.

Í úrskurði ráðsins frá 28. júní sl. er hvergi vikið að framangreindum viðmiðunarhópum en þess í stað fjallað um launaþróun hjá þeim ríkisstarfsmönnum sem tilmæli ríkisstjórnarinnar í ágúst 2009 um 3-10% launalækkun var ætlað að ná til. Rétt og eðlilegt er að horfa til þessa hóps en það telst ómálefnalegt að setja samtímis eldri og viðtekin viðmið til hliðar.

#### Ómarktækur samanburður við starfsmenn stjórnarráðsins

Tilmælum ríkisstjórnarinnar var hrint í framkvæmd í stjórnarráðinu og launalækkunir skv. þeim tóku gildi 1. janúar 2010. Ákvarðanir um þær voru teknar í beinu framhaldi af ákvörðun kjararáðs um lækkun launa skrifstofustjóra stjórnarráðsins sem tók gildi 1. ágúst 2009. Um framkvæmdina utan stjórnarráðsins er á hinn bóginn óljóst hvort, hvernig og í hvaða mæli hún leiddi til launalækkana. Í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn umboðsmanns Alþingis frá 28. mars sl. um tilmæli ríkisstjórnarinnar segir að gera verði skýran greinarmun á launalækkunum hjá starfsmönnum ráðuneyta annars vegar og hjá starfsmönnum annarra stofnana hins vegar. Í tilmælunum hefði ekki falist samræmd ákvörðun um launalækkun hjá starfsmönnum annarra stofnana ríkisins en ráðuneytanna. Fjármálaráðuneytið undirstrikar að þar hafi verið um einkaréttarlega ákvarðanir að ræða er lúti vinnuréttarlegum reglum en ekki reglum stjórnsýslulaga ([www.pressan.is](http://www.pressan.is) /22. maí 2011).

Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytis frá 11. apríl sl. um meðallaun starfsmanna ríkisins ([http://www.fjarmalaraduneyti.is/almennar\\_frettir/nr/14155](http://www.fjarmalaraduneyti.is/almennar_frettir/nr/14155)) lækkuðu mánaðarlaun háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins að meðaltali úr 505.634 kr. árið 2009 í 488.834 kr. árið 2010 eða um 3,3%. Á sama tíma hækkuðu eða stóðu mánaðarlaun ýmissa annarra BHM-hópa í stað s.s. mánaðarlaun starfsmanna í kjarafélagi viðskipta- og hagfræðinga sem voru að meðaltali 530.813 kr. árið 2009 en 531.397 kr. árið 2010.

Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar og það sem fram kemur í úrskurði kjararáðs frá 28. júní sl. getur launalækkun vegna tilmæla ríkisstjórnarinnar ekki verið tilefni til að fresta afturköllun úrskurðar kjararáðs frá 1. mars 2009. Launalækkun kjararáðs var á bilinu 5-15% og að meðaltali um 9,2% á meðan launalækkun háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins var að meðaltali 3,3% miðað við framangreindar upplýsingar fjármálaráðuneytisins. Lækkunin tók gildi 10 mánuðum eftir að kjararáð lækkaði laun forstöðumanna ríkisstofnana og náði í raun til takmarkaðs hóps ríkisstarfsmanna. Fyrir liggur að hún var „framkvæmd með þeim hætti að þeim vinnustundum var fækkað þar sem greitt var fyrir unna yfirvinnu.“ (sbr. sératkvæði JPG í úrskurði kjararáðs frá 28. júní sl.).

Launalækkun sem á sér stað með styttingu vinnutíma er ekki hægt að bera saman við launalækkun sem á sér stað samhliða lengingu vinnutíma og auknum starfsskyldum. Í því sambandi má minna á

úrskurð kjararáðs frá 23. febrúar 2009 (1. mgr. V.-kafla), en þar segir orðrétt: „Við setningu laga nr. 148/2008 var þegar orðið ljóst að álag á stofnanir og forstöðumenn þeirra hefði aukist og mundi sums staða aukast enn. Gera lögin ekki ráð fyrir að aukið álag hafi áhrif á þá skyldu sem þau leggja kjararáði á herðar.“ Lög þau sem nú gilda um kjararáð gera á hinn bóginn ráð fyrir að aukið álag hafi áhrif á þá skyldu sem þau leggja á herðar kjararáði. Með úrskurði sínum frá 28. júní sl. er kjararáð því að bregðast skyldu sinni.

#### Kjararáð vîkur sér undan að leiðrétta ósamræmi í launum

Í úrskurði kjararáðs frá 28. júní sl. (1. mgr. II.-kafla) er viðurkennt að launaákvörðun ráðsins vegna framkvæmdastjóranna sem felldir voru undir ráðið með lögum nr. 87/2009 hafi leitt til ákveðins ósamræmis við laun þeirra sem fyrir heyrðu undir ráðið. Þetta ósamræmi hafi mátt rekja til meðalhófssjónarmiða og var það talið óhjákvæmilegt „til þess að komast hjá því að laun nýju framkvæmdastjóranna lækkuðu óhóflega“.

Fyrir liggur að bráðabirgðaákvæði laganna um kjararáð komu í veg fyrir að ráðið gæti tryggt lögbundið samræmi með því að hækka laun annarra en nýju framkvæmdastjóranna. Eftir 1. desember 2010 bar kjararáði á hinn bóginn að leiðrétta ósamræmið tafarlaust. Með því að fresta leiðréttingunni, sbr. úrskurðinn frá 28. júní sl., er kjararáð að bregðast skyldu sinni, sbr. skýr ákvæði 8. gr. laga um ráðið. Ekkert hefur komið fram sem bendir til annars en að laun nýju framkvæmdastjóranna hafi verið rétt og eðlilega ákvörðuð áður en þeir voru með sérstökum lögum felldir undir kjararáð. Engin gögn eða samanburður við kjör stjórnenda á almennum vinnumarkaði benda til annars. Eftir afnám bráðabirgðaákvæðanna blasir því við að kjararáð afturkalli launalækkun þeirra og hækki laun forstöðumanna ríkisstofnana sem fyrir voru þannig að fulls samræmis verði gætt í kjörum allra þeirra sem heyra undir ráðið.

#### Niðurstaða

Það að kjararáð fresti með úrskurðinum 28. júní sl. að afturkalla launalækkun forstöðumanna ríkisstofnana frá 1. mars 2009 með gildistöku 1. desember 2010 er að mati FFR brot á lögum um ráðið. Það að kjararáð fresti jafnframt að ákvarða forstöðumönnum ríkisstofnana laun með hliðsjón af launaþróun síðustu missera og innra samræmis þeirra sem undir ráðið heyra er andstæð lögum um ráðið. Allir tiltækir mælikvarðar benda til þess að sú ákvörðun ætti að leiða til hækkunar á launum þeirra umfram afturköllun launalækkunarinnar frá 1. mars 2009 og umfram þá hækkun sem ákveðin var með úrskurði ráðsins 28. júní sl. Úrskurður ráðsins 28. júní sl. er jafnframt á skjön við ákvæði stjórnsýslulaga um andmælarétt, málshraða og meðalhóf.